

35. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjud. 9. september 2014 **Fundargerð**

Fundurinn er haldinn að Vonarlandi á Egilsstöðum kl. 15:00

Mættir: Valdimar O. Hermannsson formaður, sem stýrði fundi, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Auður Anna Ingólfssdóttir, Þórunn Eymundardóttir og Stefán Bogi Sveinsson, sem ritaði fundargerð. Sverrir og Adolf boðuðu forföll á fundinn. Fundinn sat einnig Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri auk þess sem fulltrúar starfsháttanefndar kom inn á fundinn undir lið 5.

Dagskrá:

1. Fundargerð 34. stjórnarfundar
2. Stefna Austurbrúar ses. (Stefnumótun)
3. Rekstrarstaða og fjármál Austurbrúar
4. Skýrsla framkvæmdastjóra
5. Tillögur starfsháttanefndar Austurbrúar
6. Önnur mál
 - a) Undirbúningur framhaldsársfundar
 - b) Aðalfundur SSA
 - c) Næsti fundur stjórnar

Formaður setti fund kl. 15.00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð 34. stjórnarfundar

Fundargerðin yfirfarin, undirrituð og staðfest af stjórn.

2. Stefna Austurbrúar ses. (Stefnumótun)

JÁÐ fór yfir og kynnti Stefnu Austurbrúar, sem er niðurstaða vinnu starfsmanna stofnunarinnar við stefnumótun undanfarna mánuði. Fram kom að auk almennrar stefnumótunar er einnig unnið að gerð aðgerðaáætlunar til að vinna í samræmi við stefnu stofnunarinnar. Starfsmenn eru sammála um að leggja stefnuna fyrir stjórn en gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlun muni þurfa að taka einhverjum breytingum í samræmi

við mögulegar breytingar á stofnuninni í kjölfar framhaldsársfundar. Drögum að hvoru tveggja var dreift til stjórnar á síðasta fundi.

Stjórn gerir ekki athugasemd við stefnuna og fagnar mikilli og góðri vinnu starfsfóks stofnunarinnar við gerð hennar. Stjórn samþykkir að stefnan verði lögð fyrir framhaldsársfund til staðfestingar.

3. Rekstrarstaða og fjármál Austurbrúar

JÁÐ fór yfir stöðu fjármála og kynnti nokkrar lykiltölur úr drögum að 6 mánaða uppgjöri. Stofnunin glímir enn við rekstrarvanda og ráðstafanir sem gripið hefur verið til í rekstri skila sér ekki fyrr en síðla árs. Nokkrar umræður urðu um stöðuna og mögulegar lausnir á vandanum. Samþykkt að vísa umræðunni til annars stjórnarfundar sem boðaður verði sérstaklega til að fara yfir fjármál.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra

JÁÐ gaf skýrslu um helstu verkefni undanfarið. Stór starfsmannafundur var haldinn sem heppnaðist mjög vel. Samningur við SAM-félagið um rekstur verkefnsins Make by Þorpið var undirritaður. Gengið var frá samningi um FabLab. Fundur var haldinn um verkefnið Brothættar byggðir með Byggðastofnun og þar var þeirri skoðun líst að verkefnið, hvað varðar sveitarfélögin á Austurlandi, ætti að vera hýst hér. Framkvæmdastjóri hefur fundað með nokkrum sveitarfélögum og stefnt er að því að ná að funda með þeim öllum fyrir framhaldsársfund. Fundur um sóknaráætlanir landshluta var haldinn í Reykjavík og um 40 manns sóttu hann.

5. Tillögur starfsháttanefndar Austurbrúar

Skúli Björn Gunnarsson, Björn Hafþór Guðmundsson og Guðrún Jónsdóttir, sem skipa starfsháttanefnd Austurbrúar, komu til fundarins og kynntu drög að tillögum nefndarinnar um breytt stjórnskipulag stofnunarinnar. Ekki hafa borist verulegar athugasemdir við tillögurnar frá hagsmunaaðilum eða starfsfólki. Eftir góðar umræður var starfsháttanefnd þökkuð koman. Endanlegar tillögur verða lagðar fyrir framhaldsársfund 30. september.

6. Önnur mál

- a) Framhaldsársfundur verður haldinn 30. september á Egilsstöðum. Hann verður boðaður samkvæmt ákvæðum í samþykktum. Gert er ráð fyrir að auk venjulegra aðalfundarstarfa verði kynning á einhverjum einstökum þætti úr starfsemi.
- b) Gert er ráð fyrir kynningum á starfsemi Austurbrúar inni á dagskrá aðalfundar SSA sem haldinn verður 19. - 20. september á Vopnafirði.
- c) Samþykkt er að boða næsta stjórnarfund Austurbrúar 23. september nk. og helga hann fjármálum.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið kl. 19:00

Valdrimar O. Hermannsson

Stefán Bogi Sveinsson

Þórunn Eymundardóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Auður Anna Ingólfssdóttir

